

Katlar í Drangajökli

Þróstur Jóhannesson

Hjálparsveit skáta, Hafraholti 40, 400 Ísafirði

Í sumar sem leið (1995) fór ég fyrir leitarleiðangri fjögurra snjóbíla á Drangajökul, en ég hef verið einn af þrem bílstjórum á snjóbíl Hjálparsveitar skáta á Ísafirði í rúmlega 10 ár. Á jöklinum hefur ekki verið talið að neitt sérstakt sé að varast nema katlar sem þar hafa verið a.m.k. síðan menn fóru að ferðast um jökulinn að ráði. Ég hef farið margar ferðir á Drangajökul og komið á hann bæði austan og vestan frá. Allar þessar ferðir hafa verið síðla vetrar eða snemma vors utan ein er ég fór í ágúst 1986 til að mæla inn þessa sigkatla fyrir Landmælingar Íslands. Katlar voru 4 1986, þrír saman NV af Hljóðabungu en einn stakur NA af bung-

unni. Sá ketill hvarf fyrir þrem árum (1993) og hef ég ekki orðið var við hann síðan.

Leitarleiðangurinn fór upp Unaðsdal og á jökulinn yfir undir brún Leirufjarðar, yfir öxl Jökulbungu og síðan í 700 m hæð suður fyrir Kaldalón. Veður var afleitt og færðin leiðinleg vegna þess hve snjórinn var öldóttur. Jökullinn var allur hulinn nýjum snjó enda snjóaði niður í sjó. Hvergi urðum við varir við neitt óvenjulegt þrátt fyrir að gangur hafi verið í jöklinum síðan 1994 eða 1995, en sprungur tengdar framhlaupinu voru vafalaust á kafi í snjó. Meðfylgjandi mynd sýnir hvernig jökullinn leit út um haustið 1995.



Flugmynd frá Drangajökli. Neðst til vinstri eru katlarnir 3 en í baksýn er jökulskerið Hljóðabunga nær og Hrolleifsborg fjær. Lengra til hægri og ofar í jökulinn er jökulskerið Reyðarbunga. Athyglisverðar eru sprungurnar sem liggja í sveig norður frá Hljóðabungu ofan við katlana sem gætu bent til yfirvofandi framhlaups í Reykjarfjarðarjökli. Ástæðan fyrir þessum kötlum er ókunn.

– Three kettle holes of unknown origin in the ice cap Drangajökull northwest of the nunatak Hljóðabunga. Heavy crevassing in the accumulation area on the right side of the photograph indicate surge activity. Ljósmynd. Photo Egill Ibsen 3. september 1995